Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Minjavörður Vesturlands

Hafnargata 3
340 Stykkishólmur

(354) 570 13 12
(354) 895 18 80

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Dalabyggð
Þórður Már Sigfússon
skipulagsfulltrúi
Miðbraut 11
370 Búðardalur

16. apríl 2019
*MÍ*201904-0065/ 6.08 / M.A.S.

**Magnús A Sigurðsson**
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

**Efni: Skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 í landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð**

Með tölvupósti, dagsettum 11. apríl 2019 óskaði Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi Dalabyggðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 í landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð.

Minjavörður Vesturlands hefur farið yfir lýsinguna og gerir ekki athugasemd að svo stöddu enda fái hann tillöguna aftur til umsagnar þegar breytingarnar verða lagðar fram. Fornleifaskráning var gerð yfir skipulagssvæðið 2018 (Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs*. Fornleifafræðistofan 2018).

Íslands setti fram nýja staðla fyrir fornleifaskráningu 2012 og varð notkun þeirra lögbundinn 1. janúar 2013. Samkvæmt þeim stöðlum þarf að staðsetja þekktar fornleifar inná skipulagsuppdrátt ásamt 15 metra verndarsvæði. Við skipulagsgerð skal taka tillit til skráðra fornleifa, þ.e. að verndun fornleifa sé höfð að leiðarljósi þegar t.d. framkvæmdasvæði eru tilgreind og ákvæði sett inn í greinagerð til verndunar þeirra. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Virðingarfyllst,

Magnús A. Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands

*Afrit sent: Skipulagsstofnun*

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*